

Fundargerð 29. fundar ferðamálaráðs – 12. júní 2009

Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu 12. júní 2009, kl. 8.30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dagur B. Eggertsson, Einar Karl Haraldsson, Gunnar Sigurðsson, Sævar Skaptason, Jón Ásbergsson, Helgi Már Björgvinsson og Pétur Rafnsson. Einnig áheyrnarfulltrúarnir Ólöf Ýrr Atladóttir og Helga Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð. Dóra Magnúsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Staða samstarfs Ferðamálastofu, Útflutningsráðs og utanríkisráðuneytis. Undirbúningur stofnunar Íslandsstofu.
3. Sumarið 2009. Ástand og horfur; innlendir/erlendir ferðamenn.
4. Áherslur í markaðsmálum 2010. Fyrsta umræða vegna tillagna til ráðherra sbr. 6. gr. laga um skipan ferðamála: Ferðamálaráð gerir, árlega eða oft, tillögu til ráðherra um markaðs- og kynningarmál ferðapjónustunnar.
5. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.

2. Staða samstarfs Ferðamálastofu, Útflutningsráðs og utanríkisráðuneytis. Undirbúningur stofnunar Íslandsstofu.

JÁ og ÓÝA lýstu stöðu málaEngir hnökra á samstarfi við sendiráðið í Kaupmannahöfn, allar áætlanir standast þó að starsmannabreytingar í sendiráðinu komi á slæmum tíma. SK gerði grein fyrir því að allt kapp væri lagt á að frumvarp um Íslandsstofu verði lagt fram á sumarþingi. Upplýsingafundur um stöðuna er fyrirhugaður í næstu viku með helstu hagsmunaaðilum. Undir þessum lið deildi EKH harðlega á meðfylgjandi ályktun frá SAF frá deginum áður. Taldi hann hana SAF ekki sæmandi. SS lýsti áhyggjum og undiröldu í greininni m.a. vegna næsta vetrar. Flugfélögin sæu t.d. fram á samdrátt í sætaframboði þegar í haust. DBE lýsti þeirri skoðun sinni að slæmt væri að greinin sendi út þau skilaboð að þar stæði allt í ljósum logum. Setja þyrfit fram rök og tillögur um aðgerðir. HMB: Ekki megi treysta á að Íslandsstofa „reddi öllu“.

3. Sumarið 2009. Ástand og horfur; innlendir/erlendir ferðamenn. Ráðsmenn voru sammála um að sumarið liti vel út: „Brjáláð að gera“. Efnahagsvandi í öðrum löndum helsta áhyggjuefnið vegna næsta vetrar og árs.

4. Áherslur í markaðsmálum 2010. Ítrekað að líta þurfi á fé til markaðssetningar sem fjárfestingu og það þurfi að spýta í til að fá ferðamenn til Íslands. Það þurfi markaðsátak strax í haust. Ferðamálastofa mun senda upplýsingar um það fjármagn sem eftir er til markaðssóknar þar þegar hálfis árs uppgjör liggur fyrir. Útflutningsráð tilbúið að skoða aðkomu að slíku átaki. Formaður og varaformaður ferðamálaráðs munu ganga á fund ráðherra og ræða möguleika á auknu markaðsfé.

5. Önnur mál. DBE sagði frá vinnu við sóknaráætlun allra landshluta sem væri hugsuð sem

grunnur að nýrri atvinnustefnu. Þetta væri risavaxið verkefni en samþætting hinna ýmsu áætlana væri lykilverkfærið.

Fundi slitið kl. 10. Næsti fundur verður 3. júlí.